

Fjármálastjóri

Leo Fresh Fish leitar að öflugum einstaklingi í starf fjármálastjóra

Starfssvið

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á reiknishaldi og fjárreiðum félagsins
- Samskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir
- Yfirumsjón með samningum við viðskiptavini og innheimtu
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu hennar
- Ber ábyrgð á tölvu- og tæknimálum
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða fjármála er æskileg
 - Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á rekstri fyrirtækja æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta
 - Mjög góð þekking á bókhaldskerfum og Excel
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð
 - Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæðni, jákvæðni og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Pétursson, framkvæmdastjóri í síma 899-0166 eða í tölvupósti (arnar@leofresh.is) eða Tryggvi Már Sæmundsson, útflutningsstjóri í síma 896-4788 eða í tölvupósti (tryggvi@leofresh.is)

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir berist á arnar@leofresh.is og á tryggvi@leofresh.is . Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember 2018. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Leo Fresh Fish er fyrirtæki sem sérhæfir sig í útflutningi á ferskum sjávarafurðum. Fyrirtækið er með starfstöðvar í Vestmannaeyjum og í Frakklandi.